

## AUGLÝSING

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2005  
um heimild handhafa flugrekstrarleyfa útgefinna af Flugmálastjórn Íslands til  
að taka upp JAR-OPS 1, Amendment 8, útg. 1. janúar 2005.**

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 hefur Flugmálastjórn Íslands ákveðið að frá og með 1. júní 2005 skuli handhöfum flugrekstrarleyfa útgefinna af stofnuninni heimilt að taka upp og fylgja JAR-OPS 1, Amendment 8, útgefnunum 1. janúar 2005 í því skyni að hljóta vottun sem fullgildir JAR-OPS 1 flugrekendur innan aðildarríkja Flugöryggissamtaka Evrópu, JAA. Samhliða mun Flugmálastjórn Íslands veita þeim flugrekendum sem neyta þessarar heimildar, undanþágu frá þeim ákvæðum í II. hluta reglugerðar nr. 780/2001 um flutningaflug með síðari breytingum, sem ekki eru í fullu samræmi við ákvæði JAR-OPS 1, Amendment 8.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands). Hún kemur í stað ákvörðunar nr. 3/2004 sbr. auglýsingu nr. 685/2004 í B-deild Stjórnartíðinda sem falla úr gildi.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 23. maí 2005.*

**Porgeir Pálsson** flugmálastjóri.

## AUGLÝSING

**um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 4/2005 um skyldu  
viðurkenndra viðhaldsstöðva, viðhaldsvotta og handhafa flugrekstrarleyfa  
útgefinna af Flugmálastjórn Íslands til að fara að fyrirmælum  
reglugerða EB nr. 1702 og 2042/2003 með síðari breytingum.**

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum og reglugerðar um flugmálahandbók útgefna af Flugmálastjórn Íslands nr. 326/2000 hefur Flugmálastjórn Íslands ákveðið að frá og með 15. júní 2005 skuli handhöfum flugrekstrarleyfa útgefinna af stofnuninni, viðhaldsvottum og viðurkenndum viðhaldsstöðvum skylt að fara að ákvæðum reglugerða EB nr. 1702 og 2042/2003 með síðari breytingum, ásamt skýringarefni. Fyrri reglugerðin var gefin út 24. september 2003 og er um framkvæmdareglur varðandi lofhæfi og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar, svo og vottun hönnunar og framleiðslufyrirtækja. Sú síðarnefnda var gefin út 20. nóvember 2003 og varðar viðvarandi lofhæfi loftfara og annarra framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og samþykki á fyrirtækjum og starfsfólki á þessu svíði.

Flugmálastjórn Íslands mun veita viðhaldsstöðvum, viðhaldsvottum og flugrekendum undanþágu frá þeim ákvæðum auglýsinga nr. 477/1994 og 426/2002 sem ekki eru í fullu samræmi við ákvæði reglugerðanna.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).